

# MINNISBLAÐ

**Til:** Ólafur Arnar Jónsson

**Frá:** Helena Eydís Ingólfssdóttir

**Afrit:** Hildur Vésteinsdóttir, Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir og Arnþrúður Dagsdóttir.

**Dags:** 18.11.2021

## VERKEFNISÁÆTLUN GAUMS – SJÁLFBÆRNIVERKEFNISINS Á NORÐAUSTURLANDI

### VERKÞÆTTIR

- **Vöktun:** Gagnaöflun, úrvinnsla, framsetning gagna og birting, endurskoðun vísa.
- **Umsýsla og kynning:** Fréttir og samfélagsmiðlar, kynning, stýrihópsfundir, ársfundur eða málþing/ráðstefna, samráð og samskipti.
- **Áfangar:** Verkefnisáætlun, ársfjórðungsyfirlit og ársyfirlit
- Trygging gæða og áreiðanleika í úrvinnslu og birtingu gagna.

### STÝRIHÓPUR

Stýrihópur kemur saman þrisvar á árinu, í janúar, mars og nóvember. Vorfundur stýrihóps verði með gestum.

*Janúar – Fundarstaður: Norðurþing.*

Kynning á verkefni og nýjum fulltrúum í stýrihópi. Kynning á verkefnum ársins. Upphaf endurskoðunar vísa og tilgangs verkefnisins.

*Mars – Fundarstaður: Rafrænn/Þingeyjarsveit*

Framgangur verkefnis, undirbúningur ársfundar, ársyfirlit 2022, hagnýting gagna verkefnisins og önnur mál.

Fundurinn verði útvíkkaður með fleiri fulltrúum frá þeim fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem eiga fulltrúa í hópnum. Þá væri einnig hugað að því að bjóða öðrum hagaðilum eða aðilum tengdum fulltrúum í stýrihópi s.s. HA sem tengist RHA, SSNE sem tengist sveitarfélögum og verkefnisstjóra Grænna iðngarða á Bakka.

*Nóvember – Fundarstaður: Þingeyjarsveit/Norðurþing*

Framgangur verkefnis, tillaga að verkefni- og kostnaðaráætlun ársins 2024, undirbúningur ársfundar, önnur mál.

*Tenging stýrihóps við verkefnið.* Teamshópur verkefnisins, stýrihópsfundir, upplýsingapóstur um uppfærslur.

### ÁRSFUNDUR – MÁLÞING/RÁÐSTEFNA

Lagt er til að hefðbundnir ársfundir verði lagðir niður í þeirri mynd sem þeir hafa verið. Þess í stað verði vorfundur stýrihóps stærri þau ár sem ekki er haldið málþing/ráðstefna og horft til þróunar og hagnýtingar verkefnisins með stýrihópi og mögulega einnig hagaðilum líkt og lýst var að ofan.

Verkefni standi fyrir málþingi/ráðstefnu á 3 ára fresti. Á árinu 2023 fari ekki fram málþing/ráðstefna þar sem ársfundur fór fram að hausti 2022. Fyrsta málþing/ráðstefna fari fram árið 2024.

### VERKEFNISSTJÓRN

Verkefnisstjóri er Helena Eydís Ingólfssdóttir. Á rannsóknasviðið þekkingarnets Þingeyigna er þriggja manna teymi sem kemur að vinnu við verkefnið. Verkefnisstjóri sér um umsýslu og utanumhald með vöktun og framgangi verkefnisins, kynningu, samskipti, samráð og samstarf við meðal annars tengilið Landsvirkjunar og stýrihóp.

## KYNNING

Vefsíða Gaums er helsta verkfærið til að kynna verkefnið og fer kynning þess að mestu fram með rafrænum hætti með síðunni, facebooksíðu og póstlista, en einnig með kynningum fyrir sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

Á vormisseri verður áfram lagður þungi í að safna fylgjendum á facebooksíðu verkefnisins. Samhliða verður lögð áhersla á að auka umferð um vefsíðu Gaums í gegnum facebooksíðuna t.d. með því að birta þar uppfærslur á vefnum og með auglýsingum sem leiða notendur facebook síðunnar á vefsíðuna.

Verkefnisstjórn mun senda inn tillögur að erindum á ráðstefnur hvar augljós tækifæri eru til að vekja athygli á Gaumi og því gagnasafni sem þegar er til staðar á vettvangi Gaums, til samræmis við umfjöllunarefni hverrar ráðstefnu fyrir sig.

Þekkingarnetið mun nýta gagnasafn Gaums til eigin verkefna og ráðningum háskólanema til sumarstarfa eftir því sem tækifæri gefast. Það byggir á hverjar áherslur ýmissa sjóða eru varðandi rannsókn- og þróunarverkefni og námi og framvindu náms hjá háskólanemum.

Vefsíða Gaums er orðin 6 ára gömul. Síðan liggur á vefumsjónarkerfinu Moya sem smíðað er hjá Stefnu. Stefna upplýsti á árinu 2022 um að ný uppfærsla á kerfinu væri væntanleg. Taka þarf afstöðu til þess hvort síðan verði færð á uppfært kerfi og þá jafnframt hvort gerð yrði uppfærsla á útliti hennar og virkni í tengslum við það. Ekki er gert ráð fyrir vinnu við uppfærslu á vefsíðunni í meðfylgjandi kostnaðaráætlun né kostnaði við færslu á nýtt vefumsjónarkerfi.

## VÖKTUN

Kjarni verkefnisins er vöktun vísa þess. Verkefnisstjórn aflar gagna hjá viðeigandi aðilum, vinnur úr og og birtir á vef verkefnisins. Að minnsta kosti tveir starfsmenn meðhöndla öll gögn sem tryggir áreiðanleika gagna og upplýsinga sem birtar eru á vefnum.

Birting er áformuð sem hér segir:

Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
<input type="checkbox"/> V 1.3	<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/> V 1.1.	<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/> V 1.7	<input type="checkbox"/> V 1.1	<input type="checkbox"/> V 2.1	<input type="checkbox"/> V 1.2	<input type="checkbox"/> V 2.2	<input type="checkbox"/> V 1.4	<input type="checkbox"/> V 1.6	<input type="checkbox"/> V 2.6
<input type="checkbox"/> V 1.4		<input type="checkbox"/> V 2.1	<input type="checkbox"/> V 2.4	<input type="checkbox"/> V 2.7	<input type="checkbox"/> V 1.3		<input type="checkbox"/> V 3.3	<input type="checkbox"/> V 2.4	<input type="checkbox"/> V 3.1	<input type="checkbox"/> V 3.4	
<input type="checkbox"/> V 2.7			<input type="checkbox"/> V 2.5	<input type="checkbox"/> V 3.2	<input type="checkbox"/> V 1.6		<input type="checkbox"/> V 3.5				
<input type="checkbox"/> V 3.6					<input type="checkbox"/> V 3.6						
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

### Vísar sem ekki eru birtar upplýsingar um árlega

V 1.5 – Gagnaöflun, úrvinnsla og birting ræðst af tímasetningu kosninga hverju sinni.

V 1.6 – Gögn vegna skólabarna eru birt á 4 ára fresti. Næsta rannsókn fer fram árið 2022. Gögn vegna menntunar verða birt 2022/2023.

V 1.6 – Menntunarstig íbúa eru birt á 5 ára fresti. Næsta rannsókn fer fram árið 2022. Gögn vegna menntunarstigs verða birt 2022/2023.

V 2.3 - Gagnaöflun á 6 ára fresti – verður uppfært 2024

V 2.7 - Mælingar eru ekki framkvæmdar reglulega (meðferð skólps) – var uppfært á árinu 2022.

## RÝNI OG ENDURSKOÐUN VÍSA

Áformað er að rýna og endurskoða á vísam verkefnisins. Megin tilgangurinn er að skoða hvort verkefnið hefur öðlast nýjan tilganga með framvindu á Þeistareykjum og Bakka og með stækkandi gagnasafni. Tilgangurinn er einnig að rýna hvort tekist hafi að fanga þær samfélags-, umhverfis- og efnahagslegubreytingar sem orðið hafa í tengslum við uppbyggingu og starfstíma Þeistareykjavirkjunar og kísilmálverksmiðju PCC BakkiSilicon. Þá þarf að endurskoða vísana með tilliti til áforma um frekari uppbyggingu og starfsemi Græns iðngarðs á Bakka.

## KOSTNAÐUR

Kostnaði við verkefnið eru gerð skil í fylgiskjali. Gert er ráð fyrir að vinnustundum við verkefnið fjölgi frá árinu 2022 um 24 meðal annars vegna rýni á vísun. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður við aðkeypta þjónustu aukist við að fundakostnaðar færis til þekkingarnetsins og við fjölgun auglýsinga á samfélagsmiðlum.

## VÖRÐUR VIÐ ÁRSLOK 2023

- Unnið hafi verið úr nýjustu gögnum hvers vísis og þau birt á íslensku og ensku.
- Haldnir hafi verið þrír stýrihópsfundir.
- Endurskoðun vísa verkefnisins verði lokið.
- Gerð hafi verið verkefnis- og kostnaðaráætlun vegna ársins 2023 og hún lögð fyrir.
- Gerð hafi verið samantekt vegna starfsemi verkefnisins fyrir árið 2023.
- Farið hafi fram endurskoðun á vísun verkefnisins og niðurstöður hennar innleiddar í vöktun þess.